

268. fundur 13. sept. 2007

**Fundargerð 268. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 13. september 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sigurbjörg Daníelsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 267. fundar hreppsnefndar 16. ágúst 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 5. sept. 2007. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við umrædd sveitarfélög sbr. lið 1 og 2.
Liður 3, 4 og 5 samþykktir.
3. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 10. sept. 2007. Liður 1 samþykktur og sveitarstjóra falið að vinna málið með Tómasi. Liður 2, 3, 4 og 5 samþykktir.

Til afgreiðslu:

1. Lóðarleigusamningur við Neyðarlínuna hf, kt. 511095-2259. Samþykktur og sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.
2. Bréf dags. 21. ág. 2007 frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra með beiðni um fjárstyrk að upphæð kr. 56.000 vegna dvalar fatlaðra barna í Reykjadal. Samþykkt.
3. Bréf dags. 5. sept. 2007 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um hagsmunagæslu í úrgangsmálum og beiðni um að tekin verði afstaða til þess hvort sveitarfélagið sé reiðubúið að taka þátt í verkefninu. Samþykkt að taka þátt í verkefninu.
4. Bréf dags. 4. sept. 2007 frá Verkalýðsfélagi vestfirðinga um launakjör. Samþykkt að fara í skoðun á núverandi launakjörum starfsfólks sveitarfélagsins og upplýsingaöflun um málið og sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að vinna að málinu með aðstoð Launanefndar, Tölvumiðlunar og VerkVest.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 7. sept. 2007 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um viðmiðunarreglur um kirkjugarðsstæði o. fl. Lagt fram til kynningar. Samþykkt að senda fyrirspurn til Sambands ísl.sveitarfélaga og spyrjast fyrir um hvaða tekjustofna sveitarfélagið fái til að standa undir væntanlegum kostnaði.
2. Bréf dags. 27. ágúst 2007 frá Vegagerðinni um vegagerð um Arnkötludal og Gautsdal. Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkir að óska eftir áliti Skipulagsstofnunar ríkisins á því hvort framkvæmdir við Arnkötludalsveg í Gautsdal séu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Önnur mál.

1. Yfirlýsing sveitarstjórnar vegna sölu jarðarinnar Reykhóla. Samþykkt að veita jákvæða umsögn..
2. Kaupsamningur um Hellisbraut 72. Kaupin samþykkt og oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá samningi.
3. Kaupsamningur um Hólatröð 1. Samþykkt að ganga frá samningi. Karli og Óskari falið verkið.
4. Verksamningur um dýpkun Reykhólafnar. Samningurinn samþykktur.
5. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar. Trúnaðarmál. Fundi lokað. Fundargerðin samþykkt.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:50.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)